

Miðvikudaginn 12. nóvember 1969.

Nr. 162/1969. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

Günther Borgwardt

(Jón Hjaltason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara: Hæstaréttar.

Þjófnaður. Bifreiðar. Nytjastuldur. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Sakaratriðum er rétt lýst í héraðsdómi. Samkvæmt refsí-ákvaðum, er þar greinir, og 77. gr. laga nr. 19/1940 þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi 6 mánuði. Ákærði sat í gæzluvarðhaldi frá 2. júlí 1968 til 5. s. m. Samkvæmt 76. gr. laga nr. 19/1940 á sá gæzluvarðhaldstími að koma til frádráttar refsivistinni. Þá ber að svipta ákærða ævilangt rétti til að öðlast ökuréttindi bifreiðarstjóra.

Ákærði greiði allan sakarkostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti í ríkissjóð, kr. 8.000.00, og málflytningslaun verjanda síns þar, kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Günther Borgwardt, sæti fangelsi 6 mánuði. Gæzluvarðhaldstími hans frá 2. júlí 1968 til 5. s. m. á að koma til frádráttar refsingunni.

Ákærði er ævilangt sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi bifreiðarstjóra.

Ákærði greiði kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti í ríkissjóð, kr. 8.000.00, og laun verjanda síns þar, Jóns

Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 22. maí 1969.

Mál þetta, sem dómtekið var 20. þ. m., er höfðað af ákæruvaldsins hálfu með ákæru, útgefinni af saksóknara ríkisins 10. apríl 1969, á hendur Günther Borgwardt, Heimagötu 11, Vestmannaeyjum, „fyrir að hafa:

I. Miðvikudaginn 29. maí 1968 heimildarlaust tekið vörubifreiðina V 78 og undir áhrifum áfengis og ökuréttindalaus ekið henni frá Friðarhöfn áleiðis út á Stórhöfða, unz lögreglan handtók hann við hliðið norðan við vitann. Telst þetta varða við 1. mgr. 259. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. gr. laga nr. 20/1956, 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

II. Fimmtudaginn 16. maí 1968 stolið sjóuri, tveimur sirklum, nokkrum útvarpplömpum og íslenzkri bók úr m/b Halkion, VE 205, í Vestmannaeyjahöfn svo og fyrir að hafa stolið um veturinn eða vorið 1968 tveimur sjónaukum úr bátum við Vestmannaeyjahöfn, öðrum úr m/b Stefáni Þór. Telst þetta varða við 244. gr. alm. hegningarlaga. Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar réttar til að öðlast ökuleyfi samkv. 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Ákærði, Günther Borgwardt, er fæddur 7. ágúst 1938 að Zachow/Mecklemburg, Þýzkalandi, og hefur, svo að kunnugt sé, sætt eftirfarandi kærnum og refsingum hér á landi:

1966 31/12 í Vestmannaeyjum: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.

I.

Föstudaginn 24. maí 1968 fór ákærði að neyta víns og hélt því áfram næsta dag. Þriðjudaginn 28. maí var hann enn undir vínáhrifum og fór að sofa kl. 1300 þann dag og svaf til kl. 1900. Hélt hann þá áfram drykkjunni og drakk koníak í herbergi nr. 8 í Vinnslustöðinni, Vestmannaeyjum. Kl. 2400 fór hann þaðan inn í Friðarhöfn og var þá allmikið drukkinn. Við höfnina sá hann vörubifreiðina V 78, og stóð hún þar mannlaus og ólæst. Ákærði hefur ekki ökuréttindi, hvorki hér né í Þýzkalandi. Hann opnaði bifreiðina og settist undir stýri og tókst að ræsa hana án

þess að nota lykil. Ók hann svo af stað og fór víða um bæinn, en síðan hélt hann suður úr bænum í áttina að Stórhöfða. Lögreglunni var tilkynnt, að eitthvað væri athugavert við akstur bifreiðar um bæinn, og fór hún að leita hennar. Leitaði hún um bæinn, fór síðan upp í Herjólfsdal og suður Höfðaveg. Er hún var komin suður fyrir Breiðabakka, sá hún bifreið á leið upp Stórhöfða. Lögreglan dró bifreiðina fljótt uppi, en komst ekki fram fyrir hana, vegna þess að vegurinn er mjór þarna. Við hliðið norðan við vitann stöðvaði ökumaðurinn bifreiðina. Öku- maðurinn reyndist vera ákærði, og var hann drukkinn. Hann var einn í bifreiðinni. Lögreglan tók hann og flutti niður á lög- reglustöð, og var læknir kvaddur til til að taka úr honum blóð- sýnishorn. Blóðsýnishornið var sent rannsóknarstofu prófessors Jóns Steffensens til alkóhólákvörðunar. Niðurstaða rannsóknar- innar var á þá leið, að í blóði hans fundust reducerandi efni, er samsvara 1.35% af alkóhóli.

Ákærði tók bifreiðina í algeru heimildarleysi. Hún skemmdist ekki við aksturinn og eigandinn, Tryggvi Gunnarsson, gerði engar kröfur á hendur ákærða út af töku hennar.

Með óheimilli töku bifreiðarinnar og með akstri hennar án ökuréttinda og undir áhrifum áfengis hefur ákærði gerzt brot- legur við þau lagaákvæði, sem tilgreind eru í ákæru undir I., og unnið til refsingar samkvæmt þeim.

II.

Þriðjudaginn 2. júlí 1968 var lögreglan á eftirlitsferð um bæ- inn, og er hún var stödd niður á Básaskersbryggju, sá hún mann vera að skriða inn í veiðarfærageymslu Andvara á bryggjunni. Lögreglan tók manninn, og reyndist það vera ákærði, og var hann drukkinn. Þetta var kl. 0200. Hann var fluttur í fanga- húsið. Síðar um daginn var framkvæmd leit í herbergi hans að Heimagötu 11, og fundust þar ýmsir munir, sem talið var, að illa væru fengnir. Meðal annars var þar sjóúr og tveir sjónaukar. Sjóúrið reyndist vera úr m/b Halkion, VE 205, og hafði horfið þaðan 16. maí um vorið. Ákærði viðurkenndi að hafa stolið sjó- úrinu úr báti á höfninni, sem hann ekki mundi, hvað hét. Þar kvaðst hann einnig hafa tekið tvo sirkla og íslenzka bók. Ákærði viðurkenndi einnig að hafa stolið sjónaukum úr bátum hér í höfninni, en ekki mundi hann, hvaða bátar það voru. Síðar upp- lýstist, að annar sjónaukinn, er hjá honum fannst, var úr m/b Stefáni Þór, en ekki tókst að upplýsa, hvaðan hinn sjónaukinn

var. Fleira viðurkenndi ákærði að hafa tekið ófrjálstri hendi. Skipstjórar bátanna m/b Halkions og m/b Stefáns Þórs gerðu ekki kröfur á hendur ákærða, er þeir höfðu mótttekið hina stolnu muni.

Með þeim verknaði, er nú hefur verið lýst, hefur ákærði gerzt brotlegur við 244. gr. almennra hegningarlaga og unnið til refsingar samkvæmt þeirri grein.

III.

Refsing ákærða fyrir þau brot, er að framan er lýst, þykir hæfilega ákveðin varðhald í 60 daga.

Samkvæmt 81. gr. umferðarlaga þykir bera að svipta ákærða rétti til að öðlast ökuleyfi í eitt ár frá birtingu dóms þessa.

Allan sakarkostnað, áfallinn og áfallandi, ber ákærða að greiða.

Dómsorð:

Ákærði, Günther Borgwardt, sæti varðhaldi í 60 daga.

Hann er sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi í eitt ár frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 12. nóvember 1969.

Nr. 199/1969. **Lífeyrissjóður Verkfræðingafélags Íslands**
 gegn
Páli Hannessyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Frávisun.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í b lið 1. tl. 21. gr. laga nr. 57/1962 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 15. október 1969, sem dóminum barst 31. s. m. Krefst sóknaraðili þess, að frávisunardómi, sem upp var kveðinn á bæjarþingi Reykjavíkur 7. október 1969, verði hrundið og lagt fyrir dómara að dæma málið að efni til.